

## 3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
  2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
  3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
  4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
- Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 126 7. mars 1978.

*Samgönguráðuneytið, 20. mars 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 130 21. apríl 1976  
um gatnagerðargjöld í Kópavogi.**

## 1. gr.

Aftan við 1. mgr. 2. gr. bætist nýr liður svohljóðandi: „Opin skýli, sem reft er yfir ..... 1.5%“.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

**AUGLÝSING**


**um friðland við Gullfoss.**

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Gullfoss ásamt næsta nágrenni vestan Hvítár í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan ræður Hvítá, en Gullfoss er allur innan friðlandsins. Að sunnan og suðvestan að Selvörðu ræður girðing friðlandsins, en lega hennar er sem hér segir:

Úr ónefndum kletti gengt Baulukletti við mynni Hvítárgljúfurs upp í túnbrekkuna í Brattholti á stað skammt vestan við Karlshól. Þaðan með Bæjarási á Stöðulás. Þá í punkt SV af Selvörðu og þaðan að Selvörðu. Frá Selvörðu ræður bein lína í lág í Brattholtsgili og þaðan gilið í Hvítá.



Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu eru óheimilar án leyfis Náttúruverndarráðs.
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir.

Til undanþágu frá þessum reglum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið 9. mars 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgír Thorlacius.*

Nr. 142.

15. mars 1979.

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1979:

Fiskmjöl, § 7.15 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

Nr. 143.

19. mars 1979.

## REGLUGERÐ

um veiðar á sandsíli (ammodytidae).

1. gr.

Allar veiðar á sandsíli í botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi, nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið leyfi samkvæmt 1. gr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja m.a. ákveðið hámarksfjölda þeirra báta, sem veiðar stunda hverju sinni.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.